



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
við setningu málþings  
Ungt fólk og landbúnaður  
Búðardal  
23. október 2009**

*Ræðan var flutt blaðlaust.  
Eftirrit af upptöku.*

Ágætu málþingsgestir.

Það er sannarlega ánægjulegt að koma hingað í Dalina í vetrarbyrjun til að ræða um framtíð íslensks landbúnaðar með vaskri sveit ungra bænda; taka þátt í því með ykkur að vega og meta horfurnar, tækifærin og möguleikana; hvernig sú mikla reynsla sem Íslendingar hafa safnað í aldanna rás varðandi ræktun landsins og lífsbaráttuna hér við nyrsta haf getur nýst okkur á komandi árum og áratugum, einkum í ljósi þeirra breytinga sem eru að verða í veröldinni. Ungir bændur hafa kannski aldrei fyrr staðið í þeim sporum að hafa jafn mörg sóknarfæri í framtíðinni eins og nú, bæði vegna sérstöðu Íslands og þeirra grundvallarbreytinga sem eru að verða.

Við þekkjum það öll úr sögum, skáldskap og ljóðum að barátta íslenskra bænda hefur löngum verið erfið. Kannski hefur Bjartur í Sumarhúsum orðið, jafnvel einum um of vegna snilldar skáldverksins, eins konar táknmynd fyrir þá erfiðu baráttu, táknmynd sem höfðar ekki aðeins til okkar Íslendinga heldur líka annarra. Það hefur verið fróðlegt fyrir mig að hitta fólk vítt og breitt um veröldina sem lesið hefur Sjálfstætt fólk og þekkir baráttu Bjarts í Sumarhúsum jafn vel og við.

Það er fróðlegt dæmi um hvernig landbúnaðurinn og glíman við náttúruöflin og fjárbúskapinn getur orðið uppspretta snjallra skáldverka að þegar árið 2000 var leitað til tvö þúsund bókmenntafræðinga, skálda og rithöfunda vítt og breitt um veröldina til að velja hundrað bestu skáldverk allra tíma, allra alda, þá áttum við Íslendingar tvær bækur á

þeirri skrá. Önnur var Sjálfstætt fólk, sagan af Bjarti í Sumarhúsum. Hin var auðvitað Njála sem er eins og við vitum öll saga um valdabaráttu bænda, átök þeirra á fyrri tímum.

Við höfum ef til vill ekki nægilegan skilningi á upphafi Íslandsbyggðar; að það voru bændur sem sigldu yfir hafið, settust hér að, helguðu sér landið, gáfu því nafn og voru í þeim öfundsverðu sporum að geta valið sér búsetu. Ég hef oft bent aðkomufólki víða að úr veröldinni á þá staðreynd að ef farið er um Ísland með Landnámu sem veganesti og skoðaðir þeir staðir þar sem landnámsmenn kusu að hefja búsetu, þá kemur í ljós að þeir völdu yfirleitt bestu jarðirnar. Það sýnir að þetta voru glöggir bændur, vissu sínu viti og gátu metið landkostina á skynsamlegan hátt.

Þessi arfleifð hefur orðið ríkur þáttur í sjálfsvitund okkar Íslendinga; sá sjóður sem sjálfstæðisbaráttan sótti í, efniviður skáldanna, ritverka sem gáfu þjóðinni sjálfstraust og þor þegar hún var sannarlega ein fátækasta þjóðin í Evrópu og átti fáa kosti; var að hefja baráttuna fyrir jafnrétti meðal þjóða heims. Staðan var þá sú að í Bessastaðastofunni, litla steinhúsinu á Bessastöðum, var eini skóli landsins. Það er ekki lengra síðan en ef tekið er æviskeið tveggja einstaklinga og annar eða önnur fæðist árið sem hinn deyr, og báðir ná því að verða níræðir að aldri, þá spanna þessir tveir einstaklingar alla þá sögu.

Það var landbúnaðurinn, einkum og sér í lagi á nítjándu öldinni og síðan sjávarútvegurinn ásamt landbúnaðinum á fyrri hluta þeirrar tuttugustu sem gaf Íslendingum kraftinn, auðinn og orkuna til að þróa hér líf skjör sem þrátt fyrir erfiðleika um þessar mundir eru með þeim betri – ef ekki með þeim bestu í veröldinni.

Það hefur verið ánægjulegt fyrir mig á undanförunum mánuðum að fara vítt og breitt um landið, heimsækja byggðarlögin, hitta bændur og fólk í héraðum að máli, finna kraftinn sem býr í sveitum landsins, í landsbyggðinni, þann sóknaranda og þá hugmyndaauðgi sem einkennir viðbrögð manna við erfiðleikum um þessar mundir.

Ég kom hingað til ykkar núna rétt í þessu frá heimsókn í hið glæsilega mjólkurbú og ostagerðasetur þar sem á síðasta ári, með nýjum vélbúnaði og nýrri tækni hefur verið lagður grundvöllur að öflugri sókn. Ég man þá tíð þegar menn voru að velta vöngum yfir því fyrir tíu til fimmtán árum að leggja niður mjólkurbúið hér í Búðardal, töldu það ekki eiga grundvöll í framtíðinni. Nú er það orðið öflugur þátttakandi í lífskjörum og framleiðslu okkar Íslendinga.

Ég ólst upp við það vestur á fjörðum í Dýrafirði að það voru í raun engin skil milli sjávarplássins og sveitanna, að einmitt þessi tími á haustin

var mesti dýrðartími okkar krakkanna í þorpinu. Þá kom fé af fjalli. Réttirnar voru fyrir ofan Þingeyri og þar komu saman bændurnir úr Dýrafirði og þorpsbúar sem höfðu fé. Síðan fengum við krakkarnir – það var áður en menn settu stífar reglur um þátttöku barna í atvinnustarfsemi – að taka virkan þátt í störfum sláturhússins, að sviða lappir og hausa, vinna okkur um leið inn vasapeninga fyrir veturinn og njóta þess að deila kjörum með fólkinu í byggðarlaginu.

Þrátt fyrir erfiðleika landbúnaðarins á undanförunum áratugum og þá miklu umræðu sem verið hefur, þrátt fyrir togstreitu og átök um sess landbúnaðarins og kjör bænda, þá er það engu að síður svo að um þessar mundir nýtur landbúnaðurinn meira trausts, meiri stuðnings, meiri velvildar meðal Íslendinga en löngum áður. Það er einkum og sér í lagi vegna gæðanna sem framleiðsla bændanna hefur jafnan haft á oddi og fjölbreytninnar og nýsköpunarinnar sem sett hefur svip á íslenskan landbúnað.

Þessi jákvæða viðhorfsbreyting gagnvart íslenskum landbúnaði er að mínum dómi gott veganesti fyrir unga bændur, ungt fólk til sveita, þegar horft er til næstu ára og áratuga, vegið og metið hvort það sé góður kostur að vera ungur bóndi á Íslandi, hvort það yrði skemmtileg og árangursrík ævi að helga sveitunum krafta sína, að yrkja landið og stunda þá framleiðslu og nýsköpun sem sett hefur svip á íslenskan landbúnað á undanförunum árum.

Eins og ég nefndi áðan þá er ég eindregið þeirrar skoðunar að allmörg grundvallaratriði í þróun veraldarinnar á okkar tímum sem og sérstaða Íslands séu á þann veg að íslenskur landbúnaður muni hafa sterkari viðspyrnu á komandi árum og áratugum heldur en nokkru sinni fyrr. Mig langar í upphafi þessa málfings að nefna nokkur þessara atriða og færa fyrir því frekari rök hvers vegna ég hef komist að þessari niðurstöðu.

Fyrst vil ég nefna inntakið í boðskap mínum til ársþings bænda fyrir tveimur árum eða svo þegar ég kaus að gera umræðuna um fæðuöryggið að megininntaki minnar ræðu, flutti þjóðinni og bændum þann boðskap að mikilvægt væri að Íslendingar myndu hyggja af krafti og festu að því að tryggja þjóðinni nægilega góða og örugga fæðu á komandi árum og áratugum. Baráttan um matinn væri orðin að viðvarandi glímu vítt og breitt um veröldina; þjóðir gætu alls ekki gengið að því sem vísu að fæðuöryggið yrði óbreytt og viðvarandi um alla framtíð. Þvert á móti þá væri ærið margt sem benti til þess að fæðuöryggi þorra þjóða heims væri í verulegri hættu, einkum vegna gríðarlegrar fjölgunar mannkyns.

Þegar ég hóf fyrst þátttöku í þjóðmálum ungur maður þá voru um tveir milljarðar manna í veröldinni. Þeir eru nú tæplega sjö. Það er

áminning til okkar allra um að á einni mannsævi skuli mannkynið hafa þrefaldast að stærð. Nú stefnir í að um miðbik ykkar starfsævi muni nú til tíu milljarðar manna búa í veröldinni. Hvernig á jörðin að fæða allt þetta fólk?

Það var snjallt svar sem Mahatma Gandhi gaf á sínum tíma þegar hann var spurður að því hvenær og hvernig Indverjum myndi takast að ná sambærilegum lífskjörum og Bretar nytu. Hann svaraði á þann veg: Bretar þurftu á heilu heimsveldi og nánast drottun í öllum heimsálfum að halda til þess að geta byggt upp þau lífskjör. Hvað haldið þið að Indland þurfi margar plánetur til þess að geta boðið sínu fólki sambærileg lífskjör?

Það er ekki aðeins þessi gríðarlega fjölgun fólks, heldur líka hin mikla sókn til borga og bæja í öllum heimsálfum sem hefur gert það að verkum að æ lægra hlutfall íbúa yrkja landið og sinna fæðuframleiðslu. Víða um heim er straumurinn til stórborganna nánast óstöðvandi. Lönd glíma við þann vanda hvernig á að tryggja að allur þessi mikli fjöldi hafi aðgang að nægjanlegri fæðu, hollri fæðu og reglubundinni.

Svo er komið að fjarlægjar þjóðir sem smátt og smátt eru að öðlast betri lífskjör eru farnar að huga að því hvernig þær geti gert langtímasamninga við landbúnaðarþjóðir um kaup á mat. Ég nefndi það á sínum tíma að hingað hefði komið sendinefnd frá Kína til þess að ræða hvort hægt væri að gera langtímasamning við Íslendinga, íslenska bændur, um að skaffa Kínverjum mat. Ég hef kynnst því í samræðum við ýmsa stjórnendur landa í Mið-Austurlöndum, sem eiga mikinn auð vegna olíu og gass, en búa í eyðimörkinni, að þeirra stóra vandamál er hvernig tryggja eigi að hinar vaxandi millistéttir fái bestu matvæli heims, flytji þau til sín í krafti flutningatækni sem nútíminn býður uppá; fjarlægðirnar skipta ekki lengur neinu máli. Hægt er að veiða fiskinn og framleiða landbúnaðarafurðirnar hvar sem er og næsta morgun eða næsta kvöld eru þær komnar á borð þeirra sem búa í fjarlægum álfum.

Önnur ástæðan fyrir þeim styrk sem við getum sótt í þessa þróun er einmitt fólgin í því að sívaxandi hlutfall íbúa þeirra þjóða heims sem eru stærstar býr nú við svo góð lífskjör, sem oft eru nefnd millistéttarlífskjör, að þær vilja sækja sér bestu matvæli sem til eru, hvort sem það er grænmeti, ávextir, kjöt, fiskur eða hvað annað, setta sig ekki við þau matvæli sem tíðkuðust þegar þær bjuggu við meiri fátækt.

Sem dæmi þessu til skýringar þá bætast árlega á Indlandi 30 milljónir manna við millistéttina, hinna efnameiri millistétt. Það eru jafn margir íbúar og Norðurlanda allra; á tíu árum jafn margir eins og íbúar Bandaríkjanna. Þessi þróun er ekki bara í Indlandi. Hún er líka í Kína. Meginþátturinn í breytingunum í Kína er einmitt þessi gríðarlegi vöxtur

hinnar efnameiri millistéttar og efri stétta sem líta til veraldarinnar allrar þegar þeir eru að velta því fyrir sér hvernig þeir eiga að tryggja sér fæðuöryggi.

Þriðja ástæðan sem ég vil nefna er baráttan gegn loftslagsbreytingum. Um hana mætti hafa mörg orð. Það er samdóma álit allra sem skoða þá ógn að glíman við loftslagsbreytingar verður mun erfiðari úrlausnar en glíman við heimskreppu í efnahagslífi og fjármálakerfi sem við höfum einkum kynnst á síðustu misserum. Bráðnun jöklanna í okkar heimshluta, á Norðurskautinu, í Grænlandi, að nokkru leyti hér hjá okkur, í Himalajafjöllum og á Suðurskautinu er langmesta ógnin við lífsskilyrði og lífshætti jarðarbúa allra. Íbúum Bangladess stafar meiri hætta af bráðnun jökla hér á norðurslóðum heldur en af herjum Indlands og Kína.

Í Himalajafjöllum eru um fimmtán þúsund jöklar. Þessi svæði eru uppspretta stærstu fljóta Indlands og Kína sem eru grundvöllur að landbúnaði og fæðuöflun í þessum tveimur fjölmennustu ríkjum heims sem samtals telja um það bil þriðjung íbúa jarðar. Athuganir jöklafræðinga benda til þess að miðað við núverandi stig loftslagsbreytinga, hvað þá heldur ef þær aukast, muni þorri þessara jökla í Himalajafjöllum hverfa á næstu þrjátíu árum. Það mun hafa slík byltingarkennd áhrif á landbúnað og lífsskilyrði og efnahagslíf Indlands og Kína að það er nánast ógerlegt að gera sér í hugarlund.

Baráttan við þessar loftslagsbreytingar er þess vegna eitt brýnasta verkefni, ef ekki brýnasta verkefni, mannkyns. Í þeirri baráttu er vaxandi skilningur á því að ræktun landsins, endurheimt gróðurlendis, uppgræðsla votlendis, ræktun skóga, betri nýting og meðferð lands, nánast byltingarkennd áhersla á landbúnað sem framvörð í baráttunni gegn loftslagsbreytingum sé í fremstu röð þeirra verkefna sem við þurfum að sameinast um.

Eitt af því sem rætt hefur verið að muni setja svip á samkomulagið sem vonandi verður gert í Kaupmannahöfn í desember er einmitt að gefa ræktun landsins, endurheimt gróðurlendis, uppgræðslu eyðimarka og áherslu á skógrækt og betri nýtingu votlendisins þann forgang sem því ber. Þar stöndum við Íslendingar vel að vígi. Það skapar íslenskum landbúnaði gríðarleg tækifæri til að breyta nýtingu landsins á þann veg að það verði auðveldara fyrir okkur sem þjóð að koma til móts við þá mælikvarða sem verða mótaðir í hinu nýja samkomulagi.

Fjórða atriðið sem ég vildi nefna er vatnsbúskapur jarðarinnar. Það hefur ekki sett nægilegan svip á umræður okkar Íslendinga um möguleika okkar í framtíðinni að skorturinn á vatni er að setja hverri þjóðinni á fætur annarri vítt og breitt um veröldina stólinn fyrir dyrnar. Við búum hins

vegar að því hér að hafa eitt stærsta forðabúr af fersku vatni sem til er í Evrópu. Auðlegð vatns auðveldar hér búskap, landgræðslu og landbúnað með allt öðrum hætti en bændur glíma við í flest öðrum hlutum heims.

Það er til dæmis fróðlegt, að í Tamil Nadu héraðinu á Indlandi sem hefur fleiri íbúa heldur en Bretlandseyjar er nánast hundrað prósent brunna smábænda nú þegar þornaðir upp. Samspilið á milli vatnsbúskaparins hér hjá okkur og landbúnaðarins, meðferðar landsins, er þess vegna eitt af þeim verkefnum sem er einna mest gefandi fyrir okkur sem þjóð, auk þess að geta svo flutt út vatn, hvort heldur er á flöskum eða með tankskipum til annarra þjóða. Sá þröskuldur sem landbúnaður víða um veröld mun ekki komast yfir innan örfárra áratuga er skortur á vatni, víða í Asíu, í Kína, á Indlandi, í Suður-Ameríku og víða í Afríku. Við Íslendingar þurfum ekki að óttast slíkan þröskuld.

Í fimmta lagi er ferðapjónustan. Þessi merkilega atvinnugrein sem byggist á því að fólk ferðast um veröldina til að leita að nýrri reynslu, kynnast nýjum slóðum, upplifa lífshætti fólks, náttúruna og annað sem gefur lífinu gildi.

Eitt af því ánægjulegasta á þessu erfiðleikaári okkar Íslendinga er sá kraftur sem ferðapjónustan hefur sýnt. Hún hefur gert það, ekki bara fyrir sína eigin verðleika sem eru miklir, heldur líka vegna þess að æ fleiri sækja á norðurslóðir, ekki til Miðjarðarhafsins eða Karíbahafsins eða annarra slíkra heitra svæða. Fólk vill koma á norðurslóðir, njóta loftslagsins sem þar er, fá að kynnast þeirri fjölbreyttu náttúru sem norðurslóðir hafa upp á að bjóða, skoða búskaparhætti, heimsækja jarðir, njóta matarins og alls þess sem þær hafa upp á að bjóða.

Grundarfjörður, lítið byggðarlag hér í nágrenninu á Vesturlandi, tekur nú á móti þúsundum manna árlega sem koma á skemmtiferðarskipum. Ísafjörður, mín gamla heimabyggð, sem fyrir fimm árum tók ekki á móti einu einasta skemmtiferðarskipi tók á liðnu sumri á móti 27 slíkum; mörgum þúsundum manna sem komu á Vestfirði til þess að njóta þeirra kosta sem þar er í boði.

Það er varlega áætlað að senn muni vel yfir hálf milljón manna koma árlega til Íslands. Ef straumurinn í veröldinni verður áfram á þann veg sem hann hefur verið á síðustu árum vegna aukins hitastigs í suðurhluta Evrópu og á hinum heitari svæðum heims, vilji æ færri leggja það á sig að fara þangað í sumarleyfum og munu sækja á norðurslóðir í staðinn.

Við Íslendingar þurfum því að búa okkur undir að fljótlega muni kannski um ein milljón manna koma hingað á hverju ári. Það er þrisvar sinnum íbúafjöldi þjóðarinnar. Allt þetta fólk þarf, hvort sem það kemur í einn dag eða marga, að fæða. Það mun leita í íslenskan landbúnað, í

afurðir sveitanna og reyndar sjávarins líka, í þá framleiðslu sem íslenskir bændur stunda. Sá markaður sem við höfum fyrst og fremst hugsað um fram að þessu, við sjálf og útflutningur að einhverju leyti, mun í sívaxandi mæli einkennast af þeim hundruðum þúsundum manna sem koma hingað til Íslands.

Ég get nefnt ykkur lítið dæmi um þessar breytingar. Það var byggð virkjun í Hellisheiðinni eins og flestir þekkjja, merkileg jarðhitavirkjun. Menn höfðu áttáð sig á því að þangað myndu vilja koma ferðamenn. Núna á fyrsta ári þessarar virkjunar munu koma þangað eitt hundrað þúsund ferðamenn, bara til þess að skoða virkjun í Hellisheiðinni. Á tíu árum verða það milljón manns.

Um allt land eru söguslóðir, falleg náttúra og margt annað sem héruð hafa upp á að bjóða. Vestfirðir hafa í sumar kynnst því hvað menn kunna vel að meta landkostina þar. Þannig er það allt í kringum landið. Öll þessi þróun mun skapa íslenskum bændum og fólki í landbúnaði gríðarlega möguleika á komandi árum.

Síðasta atriðið sem ég vildi nefna í þessari greiningu á breytingum á veröldinni sem eru okkur og sérstaklega íslenskum landbúnaði hagstæðar er hinn vaxandi áhersla á að neyta landbúnaðarafurða sem hafa verið framleiddar með einum eða öðrum hætti á sjálfbæran hátt og krafan um að vita meira um uppruna vörunnar, geta rakið hann til sveitarinnar, til bóndans eða til fiskimannsins.

Verslunarkedjur í Bretlandi og Bandaríkjunum sem sérhæfa sig í matvælaframleiðslu sem er sjálfbær og hægt er að rekja beint til bóndans eða fiskimannsins, hvort heldur Whole Foods í Bandaríkjunum eða Waitrose í Bretlandi, vaxandi, öflugar og sterkar verslunarkedjur, hafa áttáð sig á því að til Íslands er einmitt hægt að sækja slíkar vörur.

Það hefur verið ánægjulegt fyrir mig, bæði nú í vetur á þessum erfiðleikatímum og á undanförunum árum, að taka á móti sendinefndum á Bessastöðum frá slíkum verslunarkedjum. Þær eru að koma til Íslands til að styrkja tengsl sín við landið, til að tryggja að þær geti á komandi árum haft aðgang að þeim sjálfbæru matvælum sem við framleiðum. Viðskiptavinirnir sem koma til þeirra, hvort sem það er í New York, London eða annars staðar, með símann sinn eða Blackberry í hendinni vilja fá að skoða vöruna sem er í borðinu, upplýsingarnar sem hún gefur, fara beint inn á netið fyrir framan afgreiðslumanninn og skoða jörðina þar sem landbúnaðarafurðirnar hafa verið framleiddar eða skoðað bátinn og miðin þar sem fiskurinn var veiddur; gera þetta á innan við mínútu áður en þeir ákveða hvað þeir ætla að kaupa. Þetta er gjörbreytt veröld. Fá lönd hafa eins góða aðstöðu til þess að mæta þessum vaxandi kröfum og við Íslendingar.

Ykkur kann kannski að finnast, ungir bændur, að ég hafi komið hér í dag vegna þess að það sé einhvers konar embættisskylda forsetans að vera bjartsýnn, að líta framtíðina jákvæðum augum, draga ekki kjark úr mönnum og ég sé einn um þessa skoðun. Þess vegna fannst mér gleðilegt í gær að fá í hendur nýjasta hefti af þessu virta og þekktu tímariti sem gefið er út um allan heim, Time Magazine. Forsíðugrein þessa heftis heitir á ensku „The New Green Revolution. Why the World Farmers are Back in Business“. Í greininni er farið skýrum og ótvíræðum orðum um að hin nýja áhersla á landbúnað og krafan um að sinna bændum og landbúnaði á algjörlega nýjan hátt sé nú grundvallarþáttur í viðbrögðum allra þjóða heims. Eins og segir hér í upphafi annarrar málsgreinar: „Sveitabærinn er kominn aftur“. Eða eins og það hljómar á ensku: „Now the farm is back“.

Óneitanlega fannst mér það freistandi að koma með þetta til ykkar þó að ég leggi ekki í vana minn að mæta sem forseti á fundi og lyfta bandarískum tímaritum. Ég gat ekki staðist freistinguna, að benda ykkur á að það sem ég hef verið að reyna að draga hér saman í fáeinum orðum í upphafi ykkar málþings endurspeglar umræðu sem nú á sér stað um alla veröld, umræðu um afdrífarík þáttaskil sem að mínum dómi skapa íslenskum sveitum, íslenskum landbúnaði, sérstaklega ungu fólki til sveita betri skilyrði, fleiri heillandi verkefni og meiri möguleika en íslenskir bændur höfðu í mínu ungdæmi og á undanförunum áratugum.

Það er á morgun hátt heillandi að vita að þrátt fyrir alla erfiðleikana, þrátt fyrir hækkanir á aðföngum og glímu við verðlag og umræður um Evrópusambandið og allt það sem menn þurfa að takast á við í íslenskum landbúnaði, vissulega mörg erfið vandamál, er samt sem áður þróun veraldarinnar á þann veg að allt sem snertir megindrættina er okkur hagstætt þegar við metum íslenskan landbúnað og framtíðarmöguleika hans.

Því til viðbótar langar mig að lokum að leggja áherslu á að bændurnir, fólkið í sveitum landsins, hafa umfram aðra Íslendinga verið gæslumenn landsins, staðið vörð um ættjörðina á þann hátt sem okkur er nauðsynlegt, tryggt að gæði Íslands séu varðveitt kynslóðum um ókomin ár og aldir til hagsbóta.

Ég hef þá trú að erfiðleikar sem við höfum upplifað sem þjóð á undanförunum mánuðum og misserum hafi fært landsmönnum heim sanninn um að í varðstöðu bændanna um náttúruna og gæði landsins eru fólgin gríðarleg verðmæti, þjónusta við Ísland og ættjörðina, sem ber að meta meira en gert hefur verið. Tilfinning okkar til landsins, skilningur okkar á því að það sé þrátt fyrir allt góður kostur að vera Íslendingur er ríkari nú eftir glímuna við þessa erfiðleika.



Auk þess að nýta þau spennandi og heillandi tækifæri sem ég hef vakið máls á í upphafi þessa góða málþings gegna íslenskir bændur, unga kynslóðin til sveita, á þessum vegamótum mikilvægu hlutverki fyrir þjóðina alla.